

## REGLUGERÐ

### um heimild finnskra og hollenskra ríkisborgara til að stofna til staðfestrar samvistar á Íslandi.

1. gr.

Ríkisborgararéttur í Finnlandi og Hollandi er lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júlí 2004.*

**Björn Bjarnason.**

*Drífa Pálsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hvanneyrar, svæði A, Sóltúnshverfi, Borgarfjarðarsveit.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*12. ágúst 2004.*

Fyrir hönd hreppsnefndar,

**Linda Björk Pálsdóttir,**  
sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar.